

Fundargerð stjórnar

64. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn miðvikudaginn 31. ágúst, 2005 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)

Mættir: Einar Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson.

**Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri
Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 15.30**

Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Húsnæðismál BÁ

- a) Erindi frá fasteignasölnunni Austurbæ Þingholtsstræti 27 Reykjavík dags. 29.07.2005 vegna SBS hússins. Rætt um möguleika á að leigja húsið til framtíðar þar sem húsið hentar vel fyrir starfsemi BÁ. Heildarflatarmál hins leigða 1208,7 m². Leigusali mun fullgera húsið til þarfa BÁ Samþykkt að vinna fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 þar sem tekið yrði tillit til reksrar með leigu á áður nefndu húsnæði samkvæmt fyrirbyggjandi tilboði. Boðað yrði til fulltrúaráðsfundar sem fyrst þar sem afstaða yrði tekin til málsins.
- b) Erindi frá björgunarfélagi Árborgar dags. 30.08.2005 um húsnæðismál, (Björgunarmiðstöð), fyrir liggur hugmyndir björgunarfélagsins um sameiginlegt húsnæði, um yrði að ræða nýbyggingu á Selfossvæðinu. Stjórn er sammála um að hugmyndi sé áhugaverð og bjóði upp á ýmsa möguleika. Stjórn BÁ samþykkir að láta reyna á hvort samstaða næst um að taka SBS húsið á leigu þar sem það yrði tilbúið til notkunnar mun fyrir en nýtt hús.

2. Rekstrarmál

- a) Slökkviliðsstjóri kynnti drög að dagskrá vegna hátíðar BÁ í uppsveitum, að Laugarvatni og Reykholti 10. september n.k.
- b) Slökkviliðsstjóri greindi frá því að Borghildur Valgeirsdóttir sem annast hefur hreingerningar á slökkvistöð hefur sagt upp starfi sínu þar sem hún hefur flutt úr byggðalaginu. Stjórn BÁ þakkar henni góð störf og óskar henni velfarnaðar. Eiríkur Sigurjónsson tekur að sér hennar störf á slökkvistöð.

c) Slökkviliðsstjóri sagði frá því að mikil hreyfing hafi verið á slökkviliðinu síðustu þrjú mánuði. Útköll eða kvaðningar hafa verið 28 og eru hreyfingar orðnar samtals 61 á þessu ári. Hreyfingar slökkviliðsins voru samtals 48 árið 2004.

c) **Lagðar fram fundargerðir LN.**

Lagðar fram fundargerðir Launanevndar sveitarfélaga nr. 24 og 25 sem varða málefni slökkviliða. Þar sem fram koma breytingar á launatöxtum slökkviliðsmanna.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 17.00

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson
Snæbjörn Sigurðsson Kristján Einarsson